

snertir. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist einnig eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 28. nóvbrmán.

Nr. 17/1881.

Peter B. Poulsen
gegn
Jóni Guðnasyni.

Dómur:

Mál þetta, sem Peter B. Poulsen í Kaupmannahöfn hefir höfðað gegn Jóni kaupmanni Guðnasyni útaf 2112 kr. 71 e. skuld, er hann þykist eiga hjá honum, er þannig vaxið, að hinn stefndi, Jón kaupmaður Guðnason, hafði sumarið eða haustið 1879 beðið mann nokkurn í Kaupmannahöfn, að nafni Jörgensen, um vörur, hafði hann áður fengið vörur frá honum, en í stað þess sjálfur að senda Jóni vörurnar, biður hann annan mann í Kaupmannahöfn, að nafni Poulsen, um að gera það, sem og svo sendi Jóni vörur með gufuskipinu í október s. á., en ekkert bréf eða reikningsyfirlit fylgdi með; var þetta ekki helmingur af vörum þeim, er Jón hafði beðið Jörgensen um, og ekkert af nauðsynjavörum þeim, er hann hafði um beðið, en með seinasta gufuskipinu s. á. sendi Poulsen honum aftur vörur, en þó mjög lítið af hinni umbeðnu nauðsynjavöru, og fylgdi þar með uppteiknun yfir vörurnar með fyrri ferðinni, og önnur yfir vörurnar með seinni ferðinni, en verðið var sett svo dýrt, að hér mátti fá þá sams konar vörur jafnvel með minna verði, og í bréfi sínu til hins stefnda, dags. 7. nóvbr. 1879, segir

hann: »að hinn sendi afreikningur« — en eftir honum átti Jón að skulda honum 2112 kr. 71 e. — »sé að eins *circa* (3: hérumbil), en fullkominn reikning geti hann eigi sent fyr en næsta skifti«, en síðan hefir hinn stefndi engan reikning fengið frá honum; og í öðru bréfi frá honum, dagsettu sama dag, stendur svo: »einkanlega var með öllu ómögulegt að koma lagi á tolluppbótina á hinu útflutta«. Hinn stefndi, Jón Guðnason, hefir nú játað, að hann hafi fengið vörur þær, er stefnandinn kveðst hafa látið hann fá, en að hann eigi vildi borga þær, nema með rúmum 20 % afslætti, eða með meira en 1600 kr., því verð það, er Poulsen hefði sett á þær, væri svo langtum of hátt, og með dómi Reykjavíkur bæjarþings, kveðnum upp 10. marz þ. á., var hann dæmdur til að borga landshöfðingjaritara Jóni Jónssyni fyrir hönd Peter B. Poulsens 1600 kr. með 5 % vöxtum frá því málið var lagt til satta og þangað til borgun færi fram, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir landshöfðingjaritari Jón Jónsson fyrir hönd Peter B. Poulsens skotið til yfirdómsins, og krafist fyrst og fremst, að hinn stefndi verði dæmdur til að borga sér sem umboðsmanni Peter B. Poulsens 2112 kr. 71 e. m. m., eða til vara, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur.

Yfirdómurinn verður nú að vera undirdómaranum með öllu samdóma í því, að þar sem áfryjandinn í fyrnefndu bréfi því, er hann sendi stefnda með vörunum, segir, að verð það, er hann hafi til greint á reikningi þeim, sem fylgdi vörunum, sé *circa* verð, og nákvæmari reikningur skuli seinna verða sendur um verð varanna, en þessi reikningur aldrei hefir komið frá áfryjanda, með því að hinn framlagði contocurant eigi verður skoðaður sem slíkur nákvæmari reikningur, þareð hann alls ekki er

sundurliðaður, og þar sem áfrýjandinn enn fremur hefir í áður á minstu bréfi sínu frá 7. nóvbr. 1879 tekið það fram, að þá hafi verið ómögulegt, þegar hann sendi vörurnar, að fá afgreiðslu á tolluppbótinni fyrir hinar sendu vörur, og þessi uppbót eigi kemur fram í contocurantinum, þá geti áfrýjandinn eigi fengið dóm yfir stefnda fyrir allri þeirri upphæð, er hann eftir contocurantinum telur sig eiga hjá stefnda, eður, þar engin skilríki eru komin fram fyrir því, hvað mikið eigi að draga frá reikningnum, fyrir hærri upphæð en 1600 kr., er stefndi góðfúslega hefir lofað að borga, og ber því að staðfesta undirréttardóminn.

Málkostnaður fyrir yfirdóminum virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Undirréttarins dómur á óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 22/1881

Réttvísinn
gegn
Árna Jónssyni

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp fyrir aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 23. dag júlímán. þ. á., er Árni Jónsson, bóndi í Breiðholti, dæmdur fyrir meinsæri í 3 ára betrunarhússvinnu, og til að greiða allan kostnað af málinu, þar á meðal 8 kr. í málsvarnarlaun til svaramanns síns í héraði, en dómi þeim er eftir ósk hins dæmda áfrýjað til yfirdómsins.

Atvik málsins eru þau, að 15. júlí 1879 var eftir